

Þriðjudaginn 14. marz 1961.

Nr. 40/1960. **Tryggvi Sigurðsson f. h. Jóhannesar Tryggvasonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Júpiter h/f og Marz h/f og gagnsök
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1960 og krafizt þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 551.848.46 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 21. júní 1957 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 19. maí 1960, skotið málinu til Hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu 23. maí s.l. og krafizt þess, að þeir verði aðeins taldir bera að hálfu fébótaábyrgð á tjóni því, er aðaláfrýjandi hefur orðið fyrir vegna slyss hinn 21. júní 1957, og að þeim verði aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 162.841.50 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði að mati dómsins, en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Eftir að dómur var kveðinn upp í héraði, hefur verið lagt fram vottorð frá Árna Björnssyni lækni, dags. 7. marz s.l., þar sem hann telur ekki ástæðu til að breyta örorkumati því, sem lagt var fram í héraðsdómi. Þá hafa dómara Hæstaréttar farið á slysstaðinn og athugað aðstæður þar.

I. Með vísan til 39. greinar laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og 16., 18. og 19. greina laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum má fallast á þá skoðun héraðsdómsins, að ekki sé ástæða til að skipta sök á slysinu og hana beri að leggja óskoraða á gagnáfrýjendur.

II. Aðaláfrýjandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar, eins

og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, svo sem hér segir:

1. Örorkutjón	kr. 376.165.46
2. Þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 150.000.00
3. Fyrirhöfn og ómak heimilis	— 25.000.00
4. Örorkumat	— 183.00
5. Útreikningur örorkutjóns	— 500.00

Samtals kr. 551.848.46

Um 1. lið. Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta upphæð þessa töluliðar, kr. 250.000.00.

Um 2. lið. Þegar virt eru hin alvarlegu meiðsli, sem Jóhannes Tryggvason varð fyrir, þjáningar hans, hin miklu framtíðarlýti, sem hann ber eftir þau, og hin mikla röskun á stöðu og högum, sem ætla verður að honum sé búin til frambúðar af þeirra völdum, þykir hæfilegt að dæma í bætur samkvæmt þessum lið kr. 100.000.00.

Um 3. lið. Auðsætt er, að heimili stefnanda hefur orðið fyrir allmikilli röskun og óþægindum vegna hins umrædda slyss og afleiðinga þess. Þykir því bera að taka þenna kröfulið til greina og meta bætur samkvæmt honum kr. 15.000.00.

Um 4. og 5. lið.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, að því er tekur til upphæða liða þessara.

Niðurstaðan hér fyrir dómi verður því, að gagnáfrýjendum ber in solidum að greiða aðaláfrýjanda kr. 250.000.00 + kr. 100.000.00 + kr. 15.000.00 + kr. 183.00 + kr. 500.00 eða samtals kr. 365.683.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Þá ber og gagnáfrýjendum að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst kr. 42.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Júpiter h/f og Marz h/f, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Tryggva Sigurðssyni f. h. sonar hans, Jóhannesar Tryggvasonar, kr. 365.683.00 með 6%

árvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og kr. 42.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., hefur Tryggvi Sigurðsson sjómaður, Melgerði 15, hér í borg, vegna ófjárráða sonar síns Jóhannesar, sama stað, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. október 1958, gegn hlutafélagunum Júpiter og Marz, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 551.848.46, ásamt 6% árvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var gerð varakrafa af hendi stefnanda þess efnis, að honum verði dæmd einhver lægri fjárhæð eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast *aðallega* sýknu, en *til vara* verulegrar lækkunar á þeirri fjárhæð, sem krafizt er í stefnu.

Vátryggingarfélaginu Tryggingu h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu. Eru ekki gerðar kröfur í málinu á hendur réttargæzlu-stefnda, og hann hefur engar kröfur uppi.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 21. júní 1957 varð sonur stefnanda, Jóhannes, er þá var 11½ árs gamall, fyrir því slysi í frystihúsi stefndu á Kirkjusandi hér í borginni, þar sem hann þá vann, að vinstri hönd hans varð á milli færibandis og keflis, er það lék um, og vafðist allur handleggurinn upp á keflið, áður því yrði við komið að stöðva færibandið. Hlaut drengurinn af þessu slík lemstur, að nauðsynlegt reyndist að nema burtu handlegginn um 15 cm neðan við axlarliðinn.

Slys þetta varð í flökunarsal frystihússins, en þar hagar svo til, að tvær færibandssamstæður liggja eftir salnum endilöngum og ná inn í annan sal, sem er til hliðar við hann. Færibandssamstæður þessar eru jafnlangar, um 24 m að lengd, þ. e. sá hlutinn, sem inni í flökunarsalnum er. Á milli þeirra er gangur, 56 cm breiður. Í hvorri samstæðu eru tvö færibönd, og eru um 30 cm frá neðra borði þess efra niður að efra borði þess, sem neðar er. Er efra borð efra færibandisins um það bil í axlarhæð meðalmanni, mælt frá gólfi. En efra borð neðra bandsins mun vera í um það bil 90 cm hæð frá gólfi. Frá þeim endum færibandanna, sem inni í flökunarsalnum eru, er nokkurra metra

breitt opið svæði, en þar sem það endar, tekur yið veggur, sem lokar flökunarsalnum í þann endann. Þar sem böndin enda, eru kefli, sem þau renna eftir. Eru keflin, sem böndin renna um inni í flökunarsalnum, fyrst og fremst til þess að halda böndunum strengdum, og snúast þau, þegar böndin eru á hreyfingu. Keflin, sem hinir endar bandanna leika um, þ. e. þau, sem eru utan flökunarsalarins, eru aftur á móti í sambandi við rafmótor, og knýja þau kefli böndin áfram. Straumrofar færibandanna voru á þessum tíma ekki í flökunarsalnum, heldur í klefa, sem er í á að gízka 40—50 m fjarlægð frá slysstaðnum. Var á þessum tíma hvorki hægt að setja færiböndin á stað né stöðva þau annars staðar en í þessum klefa. Böndin tvö í hvorri samstæðu færast sitt í hvora áttina, efra bandið út úr flökunarsalnum, en neðra bandið inn í hann. Er þá að sjálfsögðu miðað við efra borð þeirra. Meðfram endilangri færibandasamstæðunni, sem hér kemur við sögu, þeirri hliðinni, sem frá áður greindum gangi veit, liggur um 30 cm breið málmrenna, og er hún í sömu hæð og efra borð neðra færibandsins. Út frá þessari rennu og hornrétt á hana standa flökunarborðin, alls 24, eða eitt á hvern lengdarmetra færibandsins. Standa flakararnir á milli borðanna við vinnu sína og snúa því vanga að færibandinu. Eins og áður greinir, færast neðra færibandið inn í flökunarsalinn, og flytur það fiskinn til flakaranna. Á neðra borð þess bands er aftur á móti fiskúrgangurinn settur og flytzt á þann hátt út úr flökunarsalnum. Efra færibandinu er ætlað það hlutverk, að flytja flökin frá flökurunum og út úr flökunarsalnum. Á neðra borð þess bands má ekkert setja, því að það, sem þar er sett, flytzt með bandinu að keflinu í enda þess og merst þar á milli bandsins og keflisins. Á ganginum á milli færibandasamstæðanna er staðsettur einn maður, eða tveir, ef flakað er, meðfram báðum samstæðunum í senn. Hefur þessi starfsmaður það hlutverk á hendi að ýta fiskinum af neðra færibandinu niður í rennuna meðfram flökunarborðunum og sjá með því flökurunum fyrir nægum fiski til flökunar. Hefur hann spaða í höndum til þess að ýta með fiskinum. Gengur hann meðfram færibandinu endilöngu, til þess að fiskurinn dreifist sem jafnast að flökurunum. Mun unglingum aðallega falið þetta starf. Efra færibandið er að öllu leyti óvarið og svo var einnig á þessum tíma um keflið, er það leikur um. Sama er að segja um neðra bandið, en meðfram þeim jaðri þess, er að ganginum snýr, rís upp 10—15 cm há, þunn brík, sem nær um tvo metra frá keflinu. Út frá brík

þessari miðri á að gizka liggur álíka há brík á ská þvert yfir efra borð bandsins í átt að enda þess. Er þessi útbúnaður ætlaður til þess, að fiskurinn, sem færibandíð flytur, renni ekki út af enda þess. Sést þessi útbúnaður glögggt á ljósmyndum, sem liggja frammi í málinu. Af þessum útbúnaði á enda færibandsins leiðir, að ekki er ætlazt til þess, að sá, sem fiskinum ýtir af færibandinu, fari nær enda færibandsins en þangað, sem umrædd brík byrjar. Mun og trauðla hægt með góðu móti að hreinsa fisk af bandinu framundan henni. Virðist þetta fyrirkomulag hafa í för með sér, að þeir, sem við tvö fremstu flökunarborðin vinna, verði sjálfir a.m.k. að nokkru leyti að verða sér úti um fisk af færibandinu.

Er slysið varð, virðist einungis hafa verið flakað meðfram þeirri færibandasamstæðunni, sem hér um ræðir. Hafði Jóhannes Tryggvason það starf á hendi að sjá flökurunum fyrir fiski af færibandinu með þeim hætti, sem lýst hefur verið hér að framan. Unnu 12—14 flakarar við færibandíð á þessum tíma að sögn hans. Slysið varð kl. rétt rúmlega 1 eftir hádegi, en skömmu áður hafði verið gefið merki um það, að vinna skyldi hefjast aftur eftir matarhlé. Um það, með hverjum hætti slysið atvikaðist, eru fyrst og fremst tveir til frásagnar, Jóhannes sjálfur og Bragi Jónsson flakari. Eru framburðir þeirra mjög á sinn hvorn veg. Drengurinn skýrir svo frá, að stundum hafi safnazt fyrir fiskur hjá Braga Jónssyni, ef hann hafði illa undan að ýta af bandinu, þar sem Bragi hafði verið við endann á bandinu við fremsta flökunarborðið. Einnig hafi það komið fyrir, að lítill fiskur var hjá Braga, þar sem hann mætti þá afgangi. Kveðst drengurinn hafa mátt hafa sig allan við til þess að sjá hverjum og einum fyrir nægum fiski. Hann kveður Braga oft hafa verið ónotalegan við sig, fyndist honum hann hafa of lítinn eða of mikinn fisk. Þannig hafi Bragi t. d. hótað að flengja sig, ef hann færi ekki að vilja hans. Hafði Bragi tekið í öxlina á honum og hrist hann til eða hrint honum. Kveðst hann af þessum sökum hafa haft beyg af Braga og leitazt við að gera honum til hæfis. Þegar Bragi kallaði eftir fiski, hafði hann stundum sett fisk á neðri reimina á efra bandinu, þar sem það band gekk hraðar, en með því móti hafði fiskurinn komizt fyrr til Braga. Rétt áður en slysið varð, hafði Bragi kallað, eins og oft áður: „Drengur, komdu með fisk.“ Hafi hann þá sett 3—4 fiska á neðra borð efra færibandsins, ýtt þeim síðan öllum af því, nema einum, og kallað að því búnu til Braga, að hann skyldi taka þann fisk af bandinu.

Bragi hafi svarað því til, að hann væri að flaka og gæti það ekki. Hafi hann þá sjálfur hlaupið til og ætlað að grípa fiskinn, en ermin á blússu hans hafi þá slegizt inn undir keflið, er síðan hafi dregið höndina og handlegginn til sín.

Vitnið Bragi Jónsson skýrir svo frá, að Jóhannes hafi ekki verið farinn að ýta fiski af færibandinu, er slysið varð. Það kveðst hafa séð, að drengurinn var með lítinn karfa í höndunum. Hvort hann tók karfann af færibandinu eða gólfinu, viti það ekki, en það hafi séð, að drengurinn lagði fiskinn á neðra borð efra færibandsins. Því hafi verið ljóst, að drengurinn gerði þetta einungis af „fikti“ og barnaskap, og því hafi það sagt við hann orðrétt á þessa leið: „Vertu nú ekki að þessu fikti, drengur. Þú veizt, að Markús er margsinnis búinn að banna að láta neitt á þetta band.“ Drengurinn hafi horft á karfann berast með bandinu að keflinu, og er hann var rétt kominn að því, hafi drengurinn auðsjáanlega ætlað að taka karfann aftur af bandinu. Það hafi svo engum togum skipt, að karfinn og hönd drengsins festust á milli bandsins og keflisins. Vitnið kveðst ekki minnst þess að hafa séð nema í þetta eina skipti, að fiskur væri settur á neðra borð efra færibandsins. Það neitar því, að það hafi beðið Jóhannes um fisk í umrætt sinn, enda minnst það þess, að nægur fiskur hafi verið í fiskrenninni við borð þess, er það fór til hádegisverðar. Vitnið kveðst og ekki minnst þess, að drengurinn hafi beðið það að taka fisk af færibandinu í umrætt sinn. Vitnið kveður sig að jafnaði ekki hafa skort fisk til flökunar. Sá fiskur, sem kom á færibandinu og ekki var ýtt af því til annarra flakara, hafi runnið viðstöðulaust í rennuna hjá vitninu. Vitnið kveður Jóhannes hafa verið röskan við starf sitt og kveðst enga ástæðu hafa haft til að kvarta undan honum. Þá fullyrðir vitnið, að það hafi aldrei verið ónotalegt við drenginn.

Jóhannes hljóðaði upp, er hönd hans festist í færibandinu, og jafnskjótt varð yfirverkstjórinn í frystihúsinu, Andrés Markús Einarsson, sem þarna var nærstaddur, þess áskynja, hvernig komið var fyrir drengnum. Skundaði hann þegar áleiðis út úr flökunarsalnum til þess að stöðva færiböndin. Margt manna var á ferð um salinn á leið til starfa sinna, og torveldaði það för hans. Varð ein af starfsstúlkunum á undan honum að straumrofanum. Um leið og bandið, sem drengurinn var fastur í, stöðvaðist, skar einn flakarinn það í sundur, og var handleggur drengsins þar með laus. Var þá drengurinn í öngviti, en allur handleggur hans hafði undizt upp á keflið.

Vitnið Andrés Markús Einarsson, yfirverkstjóri í frystihúsinu, skýrir svo frá, að það hafi oft séð Jóhannes og aðra drengi, sem við færíböndin unnu, setja fisk á neðra borð efra bandsins. Hafi þetta verið gert af leikaraskap, og það hafi margoft verið búíð að banna þetta. Vitnið kveður það hafa komið fyrir, að fiskur datt niður af fiskflutningsbandinu, og hafi þá sá eða þeir, sem unnu að því að ýta fiski af bandinu, stundum tekið fiskinn, þegar svo stóð á, og sett hann á neðra borð efra bandsins, en ýtt honum síðan af bandinu. Stundum hafi þó flakararnir tekið fiskinn sjálfir af bandinu, þegar svo stóð á. Vitnið tekur fram, að aldrei hafi verið ástæða til að nota efra færíbändið til þess arna, enda hafi hann margsinnis verið búinn að banna það. Vitnið kveðst ekkj vita annað en sambúð drengsins og Braga Jónssonar hafi verið með eðlilegum hætti, og kveðst það hvorki hafa séð Braga skamma drenginn né leggja á hann hendur.

Jóhannes Tryggvason hafði ráðið til starfa í frystihúsi stefndu vorið 1956 og unnið þar það sumar. Var upphaflega svo ráð fyrir gert, að hann ynni þar við merkingar á umbúðum, og mun hann hafa æft sig undir það starf í Fiskiðjuveri ríkisins í tvo daga, áður en hann hóf starf sitt í frystihúsi stefndu. Andrés Markús Einarsson verkstjóri skýrir svo frá, að er stefnandi kom að máli við hann vorið 1956 og falaðist eftir starfi í frystihúsinu fyrir Jóhannes son sinn, hafi hann gjarnan viljað gera stefnanda þann greiða að verða við þeirri beiðni, væri þess nokkur kostur, enda hafi þeir verið kunningjar. Raunar hafi honum þó fundið drengurinn of ungur til vinnu í frystihúsinu. Með tilliti til þess hafi og svo talast til milli hans og stefnanda, að drengurinn yrði látinn merkja fiskkassa. Við það verk hafi drengurinn svo verið fram eftir sumrinu, en með því að hann var nokkuð út af fyrir sig við þetta verk og fjarri félagsskap við annað starfsfólk frystihússins, hafi komið að því, er á sumarið leið, að honum tók að leiðast þetta starf og biðja um, að hann fengi að skipta um starf við dreng, sem sá flökurunum við færíböndin fyrir fiski. Sá drengur hafi fallið á verkaskiptin, og hafi þetta orðið til þess, að Jóhannes vann að hinu nýja starfi um mánaðartíma sumarið 1956. Vitnið kveður sér ekkj kunnugt um, að stefnandi hafi vitað um, að drengurinn skipti um starf á sumrinu 1956, enda hafi það ekki skýrt honum frá því. Þegar stefnandi að nýju bað um vinnu fyrir drenginn vorið 1957, hafi alls ekkert verið um það rætt, að hvaða störfum hann ynni, en reyndin hafi orðið sú, að hann hvarf að sama starfi og hann

gegndi, er hann hætti sumarið áður. Tvö vitni auk Andrésar Markúsar verkstjóra, þau Bragi Jónsson, sem áður var nefndur, og Guðbjört Magnúsdóttir, eftirlitskona í flökunarsal frystihússins, bera það, að Jóhannes hafi unnið að þessu sama starfi sumarið 1956. Sjálfur skýrir drengurinn svo frá um þetta atriði, að fyrra sumarið hafi hann svo til einungis unnið við að stimpla fiskkassa, og fullyrðir jafnframt, að það sumar hafi hann alls ekki unnið við færiböndin. Hann kveðst oft hafa beðið Andrés Markús þess sumarið 1957, að hann fengi sitt fyrra starf, enda hafi sér þótt starfið við færiböndin erfitt. Um þetta síðasta atriði í framburði drengsins er framburður Andrésar Markúsar á annan veg. Kveðst vitnið ekki minnst þess, að drengurinn hafi nokkru sinni kvartað um það við sig, að starf sitt við færiböndin væri of erfitt, eða hreyft því, að hann vildji skipta um starf. Á hinn bóginn kveðst vitnið ekki hafa gengið þess dulið, að drengurinn var orðinn leiður á þessu starfi, þar sem stefnandi hafi verið búinn að hringja í það, nokkrum dögum áður en slysið varð, og tjá því, að drengurinn væri að kvarta undan því, að starfið væri erfitt og hann vildji helst fara aftur í sitt fyrra starf við að merkja umbúðir. Kveðst vitnið hafa lofað að athuga þetta, þótt eigi hefði orðið að framkvæmdum í því efni.

Stefnandi skýrir svo frá, að er hann réð Jóhannes son sinn til starfa í frystihúsi stefndu vorið 1956, hafi hann beðið Andrés Markús þess, að drengurinn yrði látinn vinna við að merkja umbúðir, þar sem hann hafi talið það starf henta drengnum best sökum hins unga aldurs hans og lágra launa, er hann myndi fá greidd. Kveðst stefnandi ekki hafa vitað betur en drengurinn væri við þetta starf. Er fram á sumarið 1957 kom, hafi drengurinn farið að skýra honum frá því, að hann væri látinn vinna við færiband og að það starf væri alltof erfitt fyrir sig. Jafnframt hafi drengurinn beðið hann um, að hann talaði við Andrés Markús til þess að herða á því, að hann yrði látinn hverfa að sínu fyrra starfi. Kveðst stefnandi hafa hringt í Andrés Markús, er drengurinn hafði tvívegis haft orð á þessu, og spurt, hverju það sætti, að drengurinn væri ekki látinn vera við það starf, sem upphaflega var ráðgert, að hann ynni að. Andrés Markús hafi svarað því til, að drengnum hafi leiðzt þetta starf. Kveðst stefnandi þá hafa látið þetta kyrrt liggja, en bent drengnum á, að hann skyldi sjálfur ítreka óskir sínar í þessu efni við Andrés Markús. Hafi drengurinn tjáð honum, að þetta hefði hann gert, tveimur til þremur dögum áður en slysið varð. Stefn-

andi tekur það fram, að honum hafi aldrei komið til hugar, að um slysaættu gæti verið að ræða í frystihúsi stefndu, enda hafi hann vitað, að frystihús þetta var nýtt, og talið, að það væri hið fullkomnasta sinnar tegundar hér í borginni.

Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins um slys þetta, dags. 8. júlí 1957, var því ekki tilkynnt um slysið, en frétti um það á skotspónum. Í skýrslu þessari segir skoðunarmaður Öryggiseftirlitsins á þessa leið:

„Ég álit, að störf og almenn umgengni við og í umhverfi nefnds slysaðar verði, eins og á stendur og störfum hagar til, ekki talin hættuleg fyrir starfsfólk á hæfum starfsaldri.

Hins vegar er hægt að koma fyrir hlífabúnaði, sem myndi, ef til vill, hafa varnað nefndu slysi.

Aðalorsök slyssins tel ég vera þá, að slasaði er við störf, sem telja verður verulega varhugavert að hafa börn við . . .“

Í annarri skýrslu um slysið frá Öryggiseftirliti ríkisins, dags. 9. júlí 1957, undirritaðri af öðrum skoðunarmanni þess, segir svo:

„Það, sem ég tel athugaverðast í sambandi við hlífa- og öryggisbúnað bandanna er, að ekki skuli vera stöðvunarrofi við báða enda þeirra. Að sögn verkstjórans var hann búinn að biðja um, að hann yrði settur, en ekki hafi orðið úr framkvæmdum . . .“

Hinn 31. júlí 1957 gefur Öryggiseftirlitið stefndu fyrimæli um öryggisútbúnað fyrir færriböndin. Er bréf Öryggiseftirlitsins, er að þessu lýtur, svohljóðandi:

„Að beiðni er gefin sérstök yfirlýsing um ástand færibandansins, sem áður nefndt slys varð í hér.

Bandið, sem um ræðir, er ekki hættulegt í venjulegri umgengni eða starfsemi, eins og búnaði þess er farið. Það skal hins vegar tekið fram, að hlífa ber betur bandkeflið næst neðan við nefnt band. Einnig skal komið fyrir rofum við miðju bandanna og við báða enda þeirra allra.“

Við athugun hinna sérfróðu meðdómenda á slysað hinn 16. þ. m., kom í ljós, að hlíf hefur verið sett framan við kefli það, sem hér ræðir einkum um. Er þessi hlíf mjög einföld að gerð, og auðsætt, að mjög auðvelt hefur verið að koma henni fyrir. Verður eigi annað séð, en að hún sé algerlega örugg slysavörn. Þá hefur og verið komið fyrir þremur rofum á vegg, sem liggur meðfram færibandasamstæðunni og skammt frá henni. Rofar þessir eru auðkenndir með rauðum spjöldum og mjög áberandi. Er einn rofinn á móts við samstæðuna miðja, en einn nálægt

hvorum enda hennar. Er því nú hægt að stöðva færíböndin á örskömmum tíma af þeim, er við þau vinna.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slys það, er um ræðir, hafi orðið með þeim atvikum, að stefndu, er eigi og starfræki í sameiningu umrætt frystihús, hljóti að bera óskipta og sameiginlega fébótaábyrgð á tjóni sonar hans af þess völdum. Í fyrsta lagi hafi drengurinn verið ráðinn til starfs í frystihúsinu í trausti þess, að hann yrði þar látinn sýsla við að merkja umbúðir, sem sé algerlega hættulaust starf. Í stað þess hafi verkstjórinn, sem yfir honum hafði að segja, breytt þessum ráðningarkjörum drengsins á eindæmi sitt með því að setja hann til verks við hættuleg tækj í flökunarsal frystihússins, sem á engan hátt hafi svarað til aldurs hans og þess lága kaups, er hann fékk greitt. Sú ráðabreytni hafi verið algerlega óverjandi, þar sem svo ungur drengur átti í hlut, enda brýnt brot á 39. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna. Í öðru lagi sé leitt í ljós, að öryggisútbúnaði við færíböndin hafi verið mjög ábótavant, þar sem kefli það, er slysinu olli, hafi verið með öllu óvarið og enginn rofi staðsettur í flökunarsalnum til þess að stöðva færíböndin. Hér hafi verið um vanrækslu að ræða, er varði við lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, 16., 18. og 19. gr. Í þriðja lagi hafi hér verið um svo hættulegt starf að ræða, einkum með tilliti til aldurs drengsins, að stefndu eigi af þeim sökum að bera fébótaábyrgð á tjóni hans. Að lokum er á það bent, að eðlilegra sé, að atvinnuveitendur beri tjón það, er starfsmenn verða fyrir við störf sín í þeirra þágu, þar sem þeir eigi hægara um vik að tryggja sig fyrir slíkum skakkaföllum.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að þeim verði ekki gefin sök á slysinu, heldur verði það eingöngu rakið til gáleysis drengsins sjálfs. Leitt sé í ljós, að hann hafi notað efra færíbändið við verk sitt þrátt fyrir gagnsleysi þess við það verk og margítrekuð fyrirmæli og bann verkstjóra við notkun þess. Með þessu hafi drengurinn af sjálfsdáðum lagt sig í algerlega þarflausa hættu. Starf það, sem drengnum var ætlað að vinna við færíböndin, sé algerlega hættulaust í sjálfu sér, sé að því unnið, eins og til er ætlazt. Hættu sé aðeins til að dreifa við enda bandanna, þar sem keflin eru, en þar sé engum ætlað að vera, og þar þurfi enginn að koma nálægt. Um færíböndin gegni sama máli og aðrar vélar. Þau séu hættulaus, nema menn geri sig seka um sérstakt gáleysi og leggi sig þannig í hættu að þarflausu. Í

frystihúsum séu ýmsar vélar og margs konar tæki, og megi segja, að allt sé það hættulegt. Tæki þessi séu þó óhjákvæmileg, og öllum starfsmönnum sé ljóst, að hætta sé samfara notkun þeirra, sé ekki höfð í frammí full gát. Frystihús það, er hér um ræðir, hafi verið að heita má nýtt á þessum tíma, og allur útbúnaður þess hafi verið eins fullkominn og kostur var og í samræmi við ströngustu kröfur. Þannig hafi Öryggiseftirlit ríkisins fram að þeim tíma, er slysið varð, ekki talið öryggisútbúnaði færibandanna í neinu áfátt. Af hálfu stefndu er því mótmælt, að það hafi verið gálauslegt athæfi, hvað þá brot á lögum, að setja drenginn til vinnu við færiböndin. Alkunnugt sé, að unglingar á aldrinum 10—15 ára séu mjög fjölmennir við störf í frystihúsum, og þegar námsleyfi eru, sé framboð á slíku vinnuafli í frystihúsunum mun meira en eftirspurnin. Það sé jafnvel farið að tíðkast, að skólanemendum í unglingskólum sé veitt leyfi frá námi um hríð beinlínis í þeim tilgangi, að þeir vinni í frystihúsum á meðan. Að lokum er því haldið fram, að ekki geti hjá því farið, að stefnanda hafi verið um það kunnugt, að sonur hans hafði skipt um starf og byrjað að vinna við færiböndin. Hafi það verið yfirsjón af hendi verkstjórans, er að þeirri ráðabreytni stóð, sé engu að síður við stefnanda sjálfan um þetta að sakast, föður drengsins og forsjármann. Hljóti gáleysi hans í því efni að koma drengnum í koll og jafngilda gáleysi hans sjálfs.

Réttargæzlustefndi styður kröfur stefndu og tekur að öllu leyti undir málsástæður þær og rök, er þeir bera fram til stuðnings kröfum sínum í málinu.

Hér að framan hefur verið lýst eftir föngum útbúnaði og starfrækslu færibanda þeirra, sem sonur stefnanda vann við, er hann slasaðist. Af þeirri lýsingu og athugunum hinna sérfróðu meðdómenda á vettvangi er auðsætt, að verulega hefur á það skort af hendi stefndu, að viðhlítandi öryggisráðstafanir væru í frammí hafðar, þar sem hvorki var hlíf framan við kefli það, er slysinu olli, né heldur til staðar í flökunarsalnum rofar til þess að stöðva færiböndin, ef skjótlega bar til þess þörf, svo sem gera mátti ráð fyrir og hér varð raunin. Vísast í þessu efni til laga nr. 23/1952, sbr. einkum 16. og 19. gr. Til þessa augljósa skorts á öryggisútbúnaði, sem mjög var auðvelt úr að bæta, eins og lýst hefur verið, má rekja slysið og afleiðingar þess. Verður fallizt á það með stefnanda, að við þær aðstæður, sem þarna voru, hafi verið mjög óvarlegt að láta dreng, svo ungan

sem sonur hans var, vinna það starf, er hann hafði á hendi. Vegna þessa skorts á nauðsynlegum öryggisútbúnaði og þess gáleysis yfirmanns drengsins að fela honum umrætt verk við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, verður að leggja á stefndu fébótaábyrgð á tjóni drengsins af völdum slyssins. Að því er fyrra atriðið varðar, er þess að gæta, að stefndi getur ekki borið það fyrir sig, að Öryggiseftirlit ríkisins hafi ekki krafizt frekari öryggisútbúnaðar en til staðar var, þar sem það er ekki á færi þeirrar stofnunar að slaka á þeim kröfum til öryggis á vinnustöðum, sem telja verður nauðsynlegar. Að því er tekur til síðara atriðisins, þ. e. þeirrar ráðabreytni, að láta drenginn vinna umrætt starf við færiböndin, þá er á það að líta, að þótt stefnanda hefði verið kunn sú ákvörðun og jafnframt sú hættta, sem því verki var samfara, þá myndi vanræksla hans í því að láta þar til sín taka í engu haggá rétti drengsins til bóta úr hendi stefndu. Þykir því ekki ástæða til að hyggja frekar að málflutningi aðilja um það atriði.

Svo sem áður greinir, var sonur stefnanda 11½ árs gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Eins og gögnum málsins er hátt að, er ekki fullljóst, hver nákvæm tildrög slyssins voru. Þó er sýnt, að drengurinn var að sýsla með fisk á neðra borði efra færíbandsins, sem þó var þarflaust og hættulegt í grennd við keflið á enda þess. Vegna hins unga aldurs drengsins og annarra atvika, sem rakin hafa verið, þykir þó ekki þrátt fyrir þetta gáleysi hans næg ástæða til að skipta sök á slysinu, og verður hún lögð óskoruð á stefndu.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1. Örorkutjón	kr. 376.165.46
2. Þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 150.000.00
3. Fyrirhöfn og ómak heimilis	— 25.000.00
4. Örorkumat	— 183.00
5. Útreikningur örorkutjóns	— 500.00

Kr. 551.848.46

Um 1.

Þegar eftir slysið var sonur stefnanda fluttur í Landspítalann. Í vottorði Árna Björnssonar læknis, dags. 26. nóvember 1957, er lýst meiðslum drengsins og læknismeðferð þeirri, er hann hlaut í sjúkrahúsinu. Segir þar:

„... Við komu hafði sjúklingur svöðusár á vinstri öxl, þannig

að allir vöðvar framan á öxlinni voru sundurtættir, sömuleiðis taugar og aðalæðar fram í vinstri handlegg.

Strax við komu var gerð aðgerð á sjúklingi til þess að reyna að bjarga handleggnum, en nokkrum dögum síðar kom drep í handlegginn, svo taka varð hann af um 15 cm neðan við axlarliðinn.

Sárin greru seint, og sjúklingurinn var útskrifaður af Handlæknisdeildinni 9/8 '57, en sár hans eru ekki gróin að fullu ennþá.

Ástand er þannig nú, að handleggsstúfurinn er bundinn við brjóstholið með örvef, og er engin hreyfing, hvorki activ né passiv í axlarliðnum. Axlarvöðvar eru mjög rýrir, og innanvert á stúfnum er sár, ca 3×4 cm stórt, sem er að gróa.

Til þess að möguleikar séu á að gera axlarliðinn eitthvað hreyfanlegan, þarf að gera frekari aðgerðir á sjúklingi, en ekki er hægt að ráðast í það, fyrr en sárið er að fullu gróið.

Í vottorði sama læknis, dags. 14. marz 1958, segir á þessa leið:

„Ástand sjúklings er nú þannig, að sárin á handleggsstúfnum eru að fullu gróin. Stúfurinn er ca 15 cm langur og bundinn við brjóstkassann með þykkum örvef. Engin hreyfing, hvorki activ né passiv, er í axlarliðnum og vöðvarnir kringum liðinn mjög rýrir. Segja má því, að stúfur þessi komi sjúklingi að mjög litlu eða engu gagni, nema e. t. v. til festingar á gervihandlegg, sem þó ekki mundi koma að neinum notum.

Frekari aðgerðir koma varla til greina, því taugar þær, sem liggja að vöðvunum í kringum öxlina, eru slitnar í sundur, og því yrði aldrei um neina activa hreyfingu að ræða.“

Hinn 11. apríl 1958 var Jóhannes metinn 75% varanlegur öryrki af völdum slyssins.

Hinn 18. maí 1958 var áætlað atvinnutjón hans, miðað við þá örorku, reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Er útreikningur þessi byggður á tímakaupi verkamanna samkvæmt kaupgjaldsskrá Dagsbrúnar. Gert er ráð fyrir, að tekjur unglinga nemi á 14. aldursári 5% af tekjum fullorðinna, 10% á 15. ári, 25% á 16. ári, 75% á 17. ári og fari eftir það hækkandi um 5% á ári í 5 ár. Er þá höfð hliðsjón af skólagöngu og fenginni reynslu af því, að árstekjur unglinga séu yfirleitt lægri en fullorðinna, þótt tímakaup sé hið sama. Reiknað er með 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikum á ári. Reiknað á þenna hátt, verður niðurstaðan um atvinnutjón drengsins sú, að verðmæti þess á slysdegi nemi kr. 410.974.00.

Auk framangreinds útreknings hefur hinn sérfróði maður sam-

tímis reiknað út áætlað atvinnutjón drengsins, miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík á árabílinu 1951—1956, sem honum teljast vera 17.41% hærri en tekjur þær, sem byggt var á í fyrrgreindum útreikningi. Sé miðað við þessar hærri tekjur, verður niðurstaðan sú, að verðmæti áætlaðs atvinnutjóns drengsins nemi kr. 482.525.00.

Í greinargerð tryggingafræðingsins kemur það fram, að drengurinn hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, kr. 7.482.40. Þá nýtur hann lífeyris af almannafé frá 1. janúar 1958. Kveður tryggingafræðingurinn lífeyri þenna upphaflega hafa numið kr. 8.564.40 á ári, en hækkað hinn 1. júní 1958 í kr. 8.992.62. Tryggingafræðingurinn hefur samtímis því að reikna út áætlað atvinnutjón drengsins einnig reiknað út verðmæti þessa lífeyris, og telst honum það nema kr. 133.074.00 á slysdegi. Er gert ráð fyrir, að þessar lífeyrisgreiðslur haldist til 67 ára aldurs, er lögboðinn ellilífeyrir kemur til.

Þegar dagpeningarnir og verðmæti lífeyrisins hefur verið dregið frá verðmæti áætlaðs atvinnutjóns, verður niðurstaðan kr. 270.417.60, ef reiknað er með lægri atvinnutekjum, en kr. 341.968.60, séu hinar hærri lagðar til grundvallar. Leggur stefnandi hærri töluna til grundvallar kröfu sinni samkvæmt þessum fyrsta lið, en bætir við hann 10% vegna aukinnar dýrtíðar, frá því útreikningurinn var gerður.

Framangreindir útreikningar eru allir miðaðir við 6% ársvexti og lífslíkurl íslenskra karla samkvæmt reynslu frá árunum 1941—1950.

Vegna kaupgjaldsbreytinga þótti rétt, að aflað yrði nýs útreiknings tryggingafræðings, áður en dómur yrði kveðinn upp í málinu. Er sá útreikningur einnig gerður af Guðjóni Hansen og dags. 19. desember 1959. Samkvæmt honum hækkar lægri niðurstöðutala fyrri útreiknings í kr. 276.092.60, en hin hærri í kr. 351.020.60. Að öðru leyti eru reikningsforsendur hinar sömu og áður.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfuflið sem alltof háum. Telja þeir, að leggja beri til grundvallar lægri fjárhæðina í fyrri útreikningi tryggingafræðingsins og meta það til lækkunar bótum, að þær séu skattfrjálstar.

Þegar litið er til þess, sem rakið hefur verið um áætlað atvinnutjón drengsins, bóta þeirra, sem hann hefur fengið og fær

frá Tryggingastofnun ríkisins, og að dæmdar bætur eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þá þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 250.000.00.

Um 2.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem of háum. Benda þeir á, að svo ungur drengur, sem hér á í hlut, eigi auðveldara með að sæta þeirri röskun, sem hér sé til að dreifa, heldur en fullorðinn maður, sem þegar hefur valið sér lífsstarf.

Þegar virt eru hin alvarlegu meiðsli, sem sonur stefnanda varð fyrir, hin miklu og áberandi lýti, sem hann ber eftir þau, og hin mikla röskun á stöðu og högum, sem ætla verður, að honum sé búin til frambúðar af þeirra völdum, þá þykir hæfilegt að dæma í bætur samkvæmt þessum lið kr. 75.000.00.

Um 3.

Af hálfu stefnanda hafa ekki verið lögð fram sérstök gögn til stuðnings þessum lið kröfunnar, en bent er á, að fyrirhöfn og ómak heimilis hans hafi verið mjög mikil vegna slyssins.

Stefndu hafa mótmælt því, að þessi kröfuliður eigi nokkurn rétt á sér. Ósannað sé, að heimili stefnanda hafi haft önnur fjárútlát af slysinu en þau, sem rekstur málsins hafi í för með sér.

Kröfuliður þessi er engum gögnum studdur, og ekki hefur verið gert sennilegt, að hann eigi nokkurn rétt á sér. Er því ekki unnt gegn mótmælum stefndu að taka hann til greina að neinu leyti.

Um 4. og 5.

Þessir kröfuliðir sæta ekki mótmælum og verða teknir til greina að fullu.

Tjón Jóhannesar Tryggvasonar nemur samkvæmt framanskráðu samtals kr. 325.683.00 (kr. 250.000.00 + kr. 75.000.00 + kr. 183.00 + kr. 500.00). Verða stefndu dæmd til að greiða þá fjárhæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt er

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað. Ákveðst hann kr. 21.000.00. Er þar með talinn kostnaður við nýjan útreikning tryggingafræðings á áætluðu tjóni sonar stefnanda, kr. 250.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt með dómendunum Jóhannesi Zoëga verkfræðingi og Þorsteini Loftsyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndu, hlutafélögin Júpíter og Marz, greiði in solidum stefnanda, Tryggva Sigurðssyni vegna ófjárráða sonar hans Jóhannesar, kr. 325.683.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og kr. 21.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. marz 1961.

Nr. 85/1960. **Sigurður Guðjónsson, Guðný Guðjónsdóttir og Stefanía Guðjónsdóttir**
(Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Haraldi Þórðarsyni, Helgu Elísbergsdóttur, Ísafold Björnsdóttur og skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Guðna G. Sigurðssonar (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1960 og krafizt þess, að erfðaskrá Guðna G. Sigurðssonar frá 14. desember 1950 verði metin ógild vegna afturköllunar, að viðurkennd verði erfðaskrá hans frá 2. október 1956, að því er varðar eignir þær, sem þar er ráðstafað, en dæmt verði, að aðrar eignir arfleifanda, Guðna G. Sigurðssonar, renni til áfrýjenda sem lögerfingja hans og loks, að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi